

107

19. sept.

Árlega skal leggja $\frac{1}{5}$ vaxta við höfuðstól, en $\frac{1}{5}$ má verja til almennrar menningarstarfsemi í hreppnum. Skal því fé varið til einkasímalagninga, á meðan þess er þörf, en síðan til annarar menningarstarfsemi eftir því, sem hentast þykir á hverjum tíma. Ef vaxtahluta þeim, sem fellur til útborgunar, er eitthvert ár ekki úthlutað að nokkru eða öllu leyti, leggst það fé við höfuðstól, svo og gjafir, áheit og annað það fé, er sjóðnum kann að áskotnast. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

5. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn hreppsnefndar Borgarhrepps, og þarf meirihluta hennar á lögmætum hreppsnefndarfundi til að samþykkja styrkveitingar úr sjóðnum, sem má þó aldrei vera fyrir lengri tíma en eitt ár í senn, nema því aðeins að samþykki lögmæts sveitarfundar sé fyrir hendi.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, reikninga og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

7. gr.

Reikningur sjóðsins skal árlega lagður fram með hreppsreikningnum og endurskoðaður með honum.

8. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á almennum hreppsfundi að Brennistöðum, 22. maí 1938.

HREPPSNEFND BORGARHREPPS

Ólafur Ólafsson.

Guðmundur Ásmundsson.

Sigurmon Símonarson.

Einar Sigurðsson.

108

22. sept.

SAMÞYKKT

fyrir Fiskræktarfélag Þingvallavatns.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktarfélag Þingvallavatns. Heimili þess og varnarþing er í Valhöll við Öxará.

2. gr.

Félagssvæðið takmarkast af öllum þeim jarðeignum, er land eiga að Þingvallavatni.

3. gr.

Verkefni félagsins er að auka mergð silungs í Þingvallavatni með klaki og öðrum þeim ráðstöfunum, er síðar kunna að verða teknar.

Félagið tekur til eignar og umráða klakhúsið að Skálabrekku með eignum þess og réttindum, og hagnýtir það eftir því sem við verður komið.

4. gr.

108

Stjórn félagsins skipa þrír menn, kosnir á fyrsta aðalfundi til þriggja ára. Einn þeirra er formaður, og skal hann kosinn sérstaklega. Fyrstu tvö árin gengur einn úr stjórn á aðalfundi eftir hlutkesti, og síðan, er þeir hafa setið þrjú ár í stjórn.

Kosning fer fram skriflega. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli eða hann hafi verið þrjú ár í stjórn.

5. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún ræður mann (eða menn) til þess að gæta klaksins og til þess að veiða klaksilung og semur um þóknun og aðra skilmála, sem þar að lúta.

Formaður er fulltrúi félagsins og framkvæmdarstjóri, og hefir yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum. Hann boðar og til funda allra í samráði við meðstjórnarmenn sína og stýrir fundum.

Stjórnin er ólaunuð.

Á félagsfundum ræður afl atkvæða úrslitum, nema um breytingar á samþykktum félagsins. Ef jöfn eru atkvæði ræður atkvæði formanns úrslitum.

6. gr.

Aðalfund skal halda í júnimánuði ár hvert. Skal hann boðaður með tveggja vikna fyrirvara, og skal fundarefnis getið í fundarboði.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á yfirstandandi ári ásamt áætlun um kostnað.

Þá leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins til úrskurðar fundarins.

Kosinn skal og maður í stjórnina og tveir endurskoðendur til eins árs.

Til þess að breyta samþykktum félagsins þarf samþykki tveggja þriðju félagsmanna og til félagsslita tveggja þriðju akvæðisbærra félagsmanna.

7. gr.

Kostnaður við félagsstarfsemina jafnast niður á félagsmenn að hlutfalli eftir löggilttri gjaldskrá og öðlast hún gildi ef tveir þriðju allra félagsmanna samþykkja hana

8. gr.

Stjórn félagsins boðar aukafundi þegar henni þykir ástæða til, eða helmingur félagsmanna óskar þess, og skal fundarefni tilgreint í fundarboði.

9. gr.

Reikningsár er almanaksárið.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum, allt að 1000 kr., er renna í sýslusjóð.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. september 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.